

YFIRLÝSING UM SAMSTARF OG GAGNKVÆMA AÐSTOÐ VIÐ REKSTUR VATNS- OG FRÁVEITU Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem uppi eru og yfirvofandi vör vegna útbreiðslu Covid-19 og þeirra erfiðleika sem faraldurinn kann að hafa í för með sér við rekstur lífsnauðsynlegrar grunnþjónustu eins og vatns- og fráveitu lýsa Veitur, f.h. Orkuveitu Reykjavíkur vatns- og fráveitu sf., Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Garðabær, því hér yfir sameiginlegum vilja og ákvörðun um samstarf og gagnkvæma aðstoð við rekstur vatns- og fráveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Verður samstarfið t.d. varðandi en ekki einungis bundið við

- mönnun við rekstur kerfa,
- viðhald,
- að útvega varahluti og
- tæknilega aðstoð.

Hver aðili samkomulags þessa mun bera kostnað af sínu starfsfólki, einnig þegar unnið er í þágu annarrar veitu, en kostnaður vegna varahluta, efnis, verktaka o.þ.h. skal greiddur af þeirri veitu sem nýtur.

Þar sem rekstur vatns- og fráveitna er hluti af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga og á engan hátt um samkeppnisrekstur að ræða telja veiturnar sem standa að yfirlýsingu þessari samstarfið vera lögmætt og afar ábyrgt á þessum erfiðu tímum.

Að loknum þeim erfiðleikum sem nú ganga yfir munu aðilar meta árangur samstarfsins og taka afstöðu til þess hvort og þá með hvaða hætti frekara samstarfi geti verið háttað.

Reykjavík, apríl 2020

F.h.

Veitna ohf.

Andís Ólafel

Garðabæjar

Ólafur H. L.

Hafnarfjarðarkaupstaðar

Einar Eliasson

Kópavogsbæjar

Birkur Rún

Mosfellsbæjar

Johnna Blinn